

Alþingi - Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. febrúar 2014
Tilvísun: UST20140200034/bs

Mótun stefnu um lagningu raflína í jörð, 60. mál (lögð fram af iðnaðar- og viðskiptaráðherra) - Umsögn

Vísað er til bréfs nefndarsviðs Alþingis dags. 5. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint þingmál. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við megentillögu nefndar um lagningu raflína í jörðu.

Um undirbúning framkvæmda segir m.a.: „*Æskilegt er að opna og færa frammar ákvörðunartöku með því að leggja fram fleiri en eina tillögu ásamt rökstuðningi fyrir vali á bestu lausninni.*“ Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjalla um mögulegar línuleiðir áður en kemur að umhverfismati framkvæmda. Val línuleiða er sá þáttur sem ákvarðar þau umhverfisáhrif sem raflínur hafa í för með sér. Ekki kemur fram í megentillögum hvernig vali á línuleiðum áður en kæmi að að umhverfismati framkvæmda yrði háttáð. Umhverfisstofnun vill benda á að í bókun Landverndar koma fram að mati Umhverfisstofnunar athyglisverðar tillögur varðandi tengingu raflína við 3. áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort unnt væri að meta þær línuleiðir með svipuðum hætti og gert var við virkjanakosti í rammaáætlun þannig að tekin yrði ákvörðun um vernd eða nýtingu ákveðinna landsvæða undir raflínur. Hér er sérstaklega bent á fyrirhuguð línustæði á hálendi Íslands. Umhverfisstofnun telur að umhverfismat áætlana væri réttur vettvangur slíks mats.

Í almennum viðmiðum og grundvallarreglum segir að metið verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort jarðstrengur, loftlína eða sæstrengur henti best út frá kostnaði, umhverfisáhrifum og öryggi. Umhverfisstofnun telur að ef meta beri bein umhverfisáhrif ákveðinna framkvæmda verði að líta til dóms Hæstaréttar í Teigskógardómi um hvað teljist bein umhverfisáhrif framkvæmda og hvað teljist hluti mannvirkisins s.s. öryggi.


Nefndin leggur til að farin verði svokölluð „Partial Undergrounding“ leið, þar sem jarðstrengir eru settir í jörð á a.m.k. á ákveðnum viðkvæmum svæðum s.s. „á náttúruverndarsvæðum og svæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.“


Umhverfisstofnun vill benda á að undir náttúruverndarsvæði falla friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti. Hér getur því verið um svæði að ræða þar sem hvorki jarðstrengir né loftlínur þættu koma til greina. Umhverfisstofnun telur að könnun möguleika á mannvirkjagerð á náttúruverndarsvæðum ætti að fara fram eins snemma á

undirbúningsferli framkvæmda og kostur er.

Í ljósi þeirrar andstöðu sem gætt hefur undanfarin ár vegna fyrirhugaðra línubygginga telur Umhverfisstofnun að val einungis á milli háspennulínu annars vegar og strenglagnar á stuttum köflum hins vegar muni ekki eyða ágreiningi um staðsetningu raflína.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur